



VINAGARÐUR

Leikskóli KFUM og KFUK

JAFNRÉTTISÁÆTLUN



DESEMBER 2022

INNGANGUR

Jafnréttisáætlun leikskólans Vinagarðs á við um börn, foreldra og starfsfólk leikskólans og á að tryggja að jafnrétti nái til alls leikskólasamfélagsins þannig að allir aðilar njóti jafns réttar án tillits til kyns, aldurs, kynþáttar, uppruna, fötlunar, kynhneigðar, trúarbragða, efnahags, ætternis, menningar, skoðana sinna eða stöðu að öðru leyti¹. Hvers kyns mismunur á grundvelli framangreindra þátta er óheimil innan leikskólans. Lögð er áhersla á að komið sé fram við alla af virðingu á jákvæðan og uppbyggilegan hátt samkvæmt gildum leikskólans sem eru trú, von og kærleikur.

Til grundvallar áætluninni liggja

- lög um leikskóla nr.90/2008
- aðalnámskrá leikskóla frá 2011
- lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr.150/2020
- lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr.85/2018
- lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018
- 65.gr stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944
- 11.gr stjórnsýslulaga (jafnræðisreglan) nr. 37/1993,

Auk þess tekur áætlunin mið af ýmsum ákvæðum Barnasáttmála SP, Heimsmarkmiða SP um sjálfbæra þróun, siða- og starfsreglum KFUM og KFUK og skólanámskrá leikskólans Vinagarðs.

Hvað börnin snertir þá eru markmið jafnréttismenntunar í aðalnámskrá leikskóla meðal annars sú að í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis með það markmið að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi. Jafnréttismenntun vísar til inntaks skólastarfs, námsaðferða og námsumhverfis sem þarf að styðja við öll börn og hvetja þau til þátttöku. Jafnréttismenntun þarf að vera samfléttuð öllu skólastarfi og þarf meðal annars að fela í sér að börn og ungmenni geti horft með gagnrýnum augum á viðteknar hugmyndir í samfélaginu og áttað sig á hvernig þær og ýmsir aðrir bakgrunnspættir geta skapað mismunur eða forréttindi í lífi fólks. Auk þess er eitt af markmiðum með leikskólastarfi samkvæmt lögum um leikskóla að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra sem er grundvöllur jafnréttismenntunar. Í skólanámskrá Vinagarðs er áhersla á lærdómssamfélag barna, starfsfólks og foreldra þar sem öll hafa eitthvað til málanna að leggja og virðing sé borin fyrir einstaklingum og fjölbreytileika samfélagsins.

Í jafnréttisáætlun leikskólans Vinagarðs er einnig vísað til starfsfólks leikskólans og þá sérstaklega hvað snertir launajafnrétti og önnur kjör, jafnvægi fjölskyldu- og atvinnulífs ásamt því hvernig komið skal í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni á vinnustað. Framkoma af því tagi líðst ekki í leikskólanum Vinagarði. Leikskólinn Vinagarður sem hluti af KFUM og KFUK á Íslandi hefur í samstarfi við Æskulýðsvettvanginn sett

¹ Hí: grundvelli kyns, kyngervis, uppruna, litaráttar, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kynþáttar, holdafars, aldurs, heilsufars, trúarbragða, skoðana, búsetu, efnahags, þjóðernis eða menningar

starfsreglur um meðferð kynferðisbrota þar sem kynferðisleg áreitni og ofbeldi eru skilgreind sem og viðbragðsferlar komi slík mál upp. [Starfsreglur – KFUM og KFUK á Íslandi](#). Auk þess kveða siðareglur KFUM og KFUK um bann við mismunun á þeim þáttum sem að ofan eru taldir og að unnið skuli markvisst gegn hvers konar ofbeldi í starfi félagsins. Verkferlar eru kynntir reglulega og auðvelt að nálgast þá, t.d. í starfsmannahandbók. Lögð er áhersla á að efla mannauðinn í þekkingu á mikilvægi jafnréttismenntunar.

Einnig eiga foreldrar sinn sess í jafnréttisáætlun þessari þar sem stefnt skal að því að allir njóti sannmælis og séu, óháð stöðu og hvers kyns aðstæðum, jafngild í samskiptum og samstarfi við leikskólann um velferð barna þeirra.

Ábyrgð á jafnrétti í leikskólanum Vinagarði er dreifð og sameiginleg þar sem börn, starfsfólk og foreldrar þurfa öll að leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir mismunun og skapa leikskólasamfélag jafnréttis í víðum skilningi. Stjórnendur leikskólans ásamt stjórn leikskólans bera þó endanlega ábyrgð á jafnréttisstarfi hans.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR

Markmið jafnréttisáætlunarinnar er að stuðla að jafnrétti á sem víðtækustum grunni í leikskólanum og ber öllu starfsfólki leikskólans að starfa í samræmi við hana. **Jafnréttisáætlunin er samþætt allri áætlanagerð og stefnumótun skólans.** Mikilvægt er að tryggja jafnrétti í víðum skilningi til að hæfileikar allra fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannaúts sem býr í hverjum og einum einstaklingi leikskólasamfélagsins.

Til að jafnréttisáætlunin nái markmiðum sínum eru sett fram aðgerðir ásamt ábyrgðaraðila; aðgerðir sem ná til allra hópa leikskólasamfélagsins sem ásamt fræðslu til starfsfólks og barna munu vonandi skila þeim árangri að staðlaðar hugmyndir um kyn og aðra bakgrunnspætti verði hverfandi, hugarfar verði opið gagnvart möguleikum í námi og starfi og börnin öðlist þá leikni sem þarf fyrir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi.

1. Nemendur

1.1. Efniviður leikskólans

Markmið: Efniviður og námsgögn endurspegli fjölbreytileika og stuðli að jafnrétti

Aðgerðir: Yfirfara efnivið og námsgögn reglulega (þ.m.t. texta og myndir bóka) til þess að tryggja að þau ýti ekki undir skaðlegar staðalmyndir og jafnvægi sé milli fyrirmynda og hugmynda sem þar birtast. Starfsfólk hvetji börn til að nýta leikefni sem þau hafa forðast þannig að börnin finni að þau geti tekið þátt í öllum fjölbreytileika leikskólastarfsins.

Ábyrgð: Deildarstjórar í samvinnu við starfsfólk.

Hvenær: Viðvarandi verkefni. Hluti af deildavinnu á skipulagsdögum í ágúst og janúar auk þess sem skoða þarf innkaup og gjafir til leikskólans á sama hátt.

1.2. Hlutdeild allra í barnahópnum

Markmið: Mæta skal þörfum sérhvers barns og tryggja viðeigandi hvatningu og örvun í leikskólastarfinu.

Aðgerðir: Móttökuáætlun leiði í ljós hvort huga þurfi sérstaklega að námsumhverfi barns á einhvern hátt til að styðja við það í leikskólastarfinu út frá stöðu þess. Starfsfólk skoði í framhaldinu markvisst virkni og félagslega stöðu í barnahópnum og geri úrbætur sé þörf á þeim, í samstarfi eða með ráðgjöf sérkennslustjóra.

Ábyrgð: Deildarstjórar, sérkennslustjóri.

Hvenær: Viðvarandi verkefni.

1.3. Staðalmyndir kynjanna í orðræðu og hvatningu til barna í leikskólastarfinu

Markmið: Tryggja að öll börn hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar í leikskólastarfi. Unnið skal gegn þeirri tilhneigingu að skipta veröldinni upp í strákar /karla og stelpur/konur eða hugtök sem upphefja/niðurlægja kynin.

Aðgerðir: Regluleg fræðsla til starfsmanna og hvatning til þess að hver og einn skoði eigin viðhorf til jafnréttismenntunar og hafi skilning á nauðsyn þess að börnin fái sama viðmót og sömu hvatningu. Stuðla skal að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum. Skoða orðræðu og tungutak í leikskólastarfinu, nota frekar orðin börn/krakkar en stelpur/strákar þegar talað er við barnahópinn. Að stilla ekki upp kynjum sem andstæðum og stuðla þannig að staðalmyndum um kynin.

Ábyrgð: Stjórnendur skólans bera ábyrgð á fræðslu til starfsfólks og gefi svigrúm til þess að starfsfólk ræði og skoði eigin starfshætti. Allt starfsfólk ber ábyrgð á viðmóti og tungutaki í leikskólastarfinu.

Hvenær: Fræðsla sé regluleg og sé hluti af móttökuáætlun nýs starfsfólks. Viðvarandi verkefni.

1.4. Hlutverkaskipting í leikskólastarfinu, heimilum og vinnustöðum

Markmið: Vinna markvisst að því að jafna kynjahlutfall í starfsmannahópnum, börnin upplifi að kynin vinni þar og á heimilinu/atvinnulífinu hin ýmsu verk.

Aðgerðir: Sjá til þess að starfsfólk óháð kyni gangi í verkefni leikskóladagsins, sérstaklega þau verkefni sem hafa sterkar tengingar við staðalmyndir kynjanna. Reglulegar umræður við barnahópina um verkaskiptingu á heimilum barna og á vinnustöðum og af hverju fyrirkomulagið er með þeim hætti.

Ábyrgð: Stjórnendateymi skólans, kennarar.

Hvenær: Viðvarandi verkefni, alltaf þegar störf eru auglýst og starfsfólki raðað á deildir.

2. Starfsfólk

2.1. Jafnlaunastefna og jöfn tækifæri til starfsþróunar

Markmið: Þau sem vinna sambærileg og jafn verðmæt störf njóti sömu kjara og hafi jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.

Aðgerðir: Jafnlaunastefna sé virk og launagreining gerð árlega. Verklagi sé fylgt við launasetningu nýs starfsfólks og þegar breytingar verða á færni starfsfólks, s.s. vegna starfsþróunar. Framboð og möguleikar til símenntunar og starfsþróunar séu kynnt öllum og jafnir möguleikar séu til að sækja námskeið til þess að auka starfshæfni.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og fjármálastjóri KFUM og KFUK.

Hvenær: Launagreining í mars ár hvert. Launasetning á sér stað við nýráðningar og einingabæra símenntun. Viðvarandi hvatning til að sækja sér endurmenntun.

2.2. Kynjahlutfall í hópi starfsfólks og ókynbundin verkaskipting

Markmið: Í leikskólanum starfi fólk af öllum kynjum, verkaskipting þeirra skal vera ókynbundin.

Aðgerðir: Auglýsingar um störf höfði til allra sem hafa viðeigandi menntun eða reynslu. Ef jafnhæfir einstaklingar sækja um auglýsta stöðu skal það kyn sem er í minnihluta ganga fyrir við ráðningu. Starfslýsingar séu nýttar til að leiðbeina um verkaskiptingu óháð kyni og huga að því að starfsfólk er fyrirmyndir barnanna í leikskólastarfinu.

Ábyrgð: Stjórnendateymi leikskólans

Hvenær: Við ráðningar í störf og þegar starfsfólk fer milli deilda, annars viðvarandi.

2.3. Fræðsla til starfsfólks

Markmið: Efla þekkingu í kynjafræði og fjölbreytilegu samfélagi

Aðgerðir: Símenntunaráætlun skal fela í sér fyrirlestra og/eða umræðutíma um kynjafræði og mikilvægi jafnréttishugsunar í leikskólastarfinu. Einnig þarf að skipuleggja fræðslu um fjölbreytileikann í nútíma samfélagi hvað snertir fjölmarga aðra þætti sem geta myndað mismunun eða forréttindi.

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Hvenær: Árlega við gerð símenntunaráætlunar og skipulagningu á skipulagsdögum fyrir næsta skólaár.

2.4. Jafnvægi vinnu og einkalífs

Markmið: Starfsfólk geti samræmt starfsskyldur og fjölskylduábyrgð.

Aðgerðir: Óháð kyni geti starfsfólk notið sveigjanleika í skipulagningu á vinnu þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduáðstæðna og þarfa vinnustaðar. Ætlast er til þess að báðir foreldrar taki á sig fjarveru frá vinnu vegna eigin barna.

Ábyrgð: Stjórnendateymi leikskólans.

Hvenær: Viðvarandi verkefni. Fræðsla um samræmingu starfsskyldna og fjölskyldulífs sé alltaf á skipulagsdegi að hausti. Hluti af starfsmannahandbók.

2.5. Forvarnir gegn áreitni og ofbeldi og skýrir verkferlar komi slíkt upp

Markmið: Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni eða ofbeldi á vinnustaðnum eða í tengslum við hann.

Aðgerðir: Markviss fræðsla um efnið, nýta starfsreglur og ferla KFUM og KFUK og kynna fyrir starfsfólki. Leggja áherslu á að móta vinsamlegt starfsumhverfi þar sem sameiginlegur skilningur ríkir á mikilvægi góðra samskipta og hvar mörk í þeim liggja.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

Hvenær: Viðvarandi verkefni, kynningar á skipulagsdögum hausts og í starfsmannahandbók.

3. Foreldrar

3.1. Allir foreldrar eru jafngildir í foreldrasamstarfinu

Markmið: Ef fleiri en eitt foreldri stendur barni eru foreldrar jafngildir í foreldrasamstarfinu.

Aðgerðir: Til séu upplýsingar um hagi, búsetu og samskiptaleiðir allra sem koma að barninu frá fyrsta degi barnsins í leikskólanum. Fá upplýsingar hjá foreldrum um hvernig þau vilja haga samskiptum um velferð barns.

Ábyrgð: Deildarstjórar

Hvenær: Við innritun og í daglegum samskiptum.

3.2. Jöfn hvatning til allra foreldra barns um þátttöku í leikskólastarfinu

Markmið: Að foreldrar óháð kyni séu sýnilegir þegar um þátttöku í leikskólastarfinu er að ræða og hafi jöfn tækifæri til þátttöku.

Aðgerðir: Senda upplýsingar og auglýsingar á alla foreldra sem hafa skilgreinda samskiptaleið við skólann. Að foreldrar séu hvött til að sækja foreldraviðtöl og fái jöfnum höndum tækifæri til þátttöku í könnunum eða rýnihópum á vegum leikskólans.

Ábyrgð: Stjórnendateymi leikskólans.

Hvenær: Viðvarandi með sérstakri áherslu á nýja foreldra.

EFTIRFYLGNI OG MAT Á JAFNRÉTTISÁÆTLUN LEIKSKÓLANS VINAGARÐS

Jafnréttisfulltrúi starfsfólks/jafnréttisnefnd fundar a.m.k. árlega með stjórnendum og stjórn leikskólans þar sem gerð er grein fyrir starfinu og rætt um þörf á aðkomu og stuðningi stjórnenda við einstök markmið áætlunarinnar.

Í aðdraganda þess fundar er lögð fyrir viðhorfskönnun meðal starfsfólks um árangur jafnréttisáætlunarinnar og stöðu málaflokksins almennt í leikskólanum. Í foreldrakönnunum séu foreldrar einnig spurðir um þá liði sem að þeim snúa ásamt spurningum um efnivið skólans.

Samhliða gerð starfsáætlunar á hverju vori er jafnréttisáætlun leikskólans endurskoðuð af stjórnendateymi skólans með hliðsjón af framangreindu.